



21/08 2019

Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Stórhöfða 31 4.hæð

Mætt voru: Andri Reyр Haraldsson, Borgþór Hjörvarsson, Sigmundur Grétarsson, Magni Rafn, Helgi M Ingason, Margrét Arnarsdóttir, Viðar M Þorsteinsson, Arnar Þór Björgvinsson, Eiríkur Jónsson, Gauti Þorvaldsson, Guðmundur Gunnarsson, Hilmar Guðmannson Adam Kári Helgason, Hafsteinn Hreiðarsson, Kristján Helgason, Hrafn Guðbrandsson, Jakob Þór Leifsson og Guðmundur Ævar Guðmundsson.

Í fjarfundi: Engin

Fundur settur 18:05

Borgþór setur fundin og minnir fundarmenn á að vera málefnalegir í umræðum.

Ritari les fundagerð síðasta fundar, hún er samþykkt án athugasemda.

- Borgþór segir að Ólafur lögfræðingur RSÍ fari yfir álit Láru lögfræðings um rétt FÍR til þess kæra undirritun og ferlið í kringum síðustu kjarasamninga.
- Ólafur fer yfir niðurstöðuna og vitnar í greinagerð Láru, þar tekur hann fram að FÍR hafi ekki sett sér neinar starfsreglur gagnvart RSÍ. Samninganefnd getur ekki samþykkt samning nema með samþykki trúnaðarráðs, en á þessu þarf að skerpa í lögum FÍR svo ekki verði misskilningur, hvað er samþykki? Meirihluti trúnaðarráðs eða einhver önnur leið.
- Umræður um fyrirkomulag samningsréttar, þarf að vinna betur í þessu og skýra lög FÍR gagnvart RSÍ
- Andri og Adam fari í þá vinnu með Ólafi lögfræðingi RSÍ

Ritari les upp tillögur FÍR í starfsnefndir miðstjórnar – Stjórn og trúnaðarráði boðið að bjóða sig fram í nefndir. Sjá nánar í fylgiskjali.

Hrafn fer yfir stjórnarfund Rafmenntar, skólinn hefur tekið upp notkun á Innu án þess að stjórn Rafmenntar hafi vitað af því.

Miklar umræður um stýrimann Rafmenntar – Afstöðu Hjölla til skólans.

Umræður um formann RSÍ, kemur hann sér alltaf undan erfiðum ákvörðunum?

Hvernig á FÍR að snúa sér í málefnum Rafmenntar? Hitaumræður um skólann og framtíð hans.

Þarf niðurstöðu í málið sem allra fyrst, hver sem hún verður.

Euroskills kostnaður – Þór setur út á reikning vegna Euroskills – Umræður mjög heitar, vinnubrögð framkvæmdarstjórnans gagnrýnd harkalega! Hefur ekki minnst á þetta við verkefnisstjóra Euroskills eða nokkurn annan. Verið að blanda saman kostnaði fyrir 2018 og 2019.

Tillaga um styrk til félagsmanna vegna náms til kennsluréttinda í rafiðnaði, ákveðið að koma þessu áfram til RSÍ.

Tæknidagur fjölskyldunnar, fulltrúar FÍR verða Hilmar, Magni og Jakob.

Afhending sveinsbréfa – Þarf að afhenda lása, Ævar tekur að sér að fylgja því eftir.

Staðfest að FÍR gefi þeim sem útskrifast með besta árangur í bóklegu og verklegu sveinsprófi borvélar, eins gjöf fyrir bæði.



Rætt um orlofshús og hvernig fyrirkomulag orlofshúsakerfisins á að vera.

Sigmundur tekur að sér að útbúa ályktun frá FÍR á þá leið að FÍR vilji að í orlofshúsakerfinu verði einn starfmaður ábyrgur fyrir því, eða því útvistað. Og deila því með stjórn og trúnaðarráði.

Euroskills verkefnið kynnt fyrir stjórn og trúnaðarráði – umræður um það. Hafsteinn vill ekki að FÍR sé að eyða fjármunum í þessi verkefni. Aðrir í stjórn og trúnaðarráði virðast ekki sammála honum.

Undirskriftir vegna gjaldkera, þyrfti að breyta lögum FÍR um það. Breyta því að það þurfi stjórn og þrjá meðstjórnendur, gerir það að verkum að undir einhverjum kringumstæðum gæti þetta verið vandamál. Koma þessu til laganefndar.

Margrét talar um að það þurfi mögulega styrkja stöðu óléttra kvenna innan rafvirkjageirans, vinnan er ekki til þess fallinn að það sé öruggt fyrir þær.

Tillaga borin fram um að konur innan FÍR fái tvo mánuði í fæðingarorlof fyrir fæðingu barns. Það er samþykkt einróma. Tillaga um að sjúkrasjóður sjái um úthlutun styrksins.

Helgi óskar eftir að formaður FÍR viki af fundi, og stjórn og trúnaðarráð ræði störf formanns.

Guðmundur Ævar varaformaður FÍR tekur við fundarstjórn.

Miklar hitaumuræður um störf formanns og hvernig hafi til tekist.

Guðmundur Ævar slítur fundi.

Fundi slitið : 20:48